

SÆLUKOT – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



September 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

SÆLUKOT – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	1
Inngangur	3
Leikskólinn Sælukot	3
Greining	4
Viðmiðaramminn	7

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Sælukoti sem fram fór í september 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í september 2016 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 12.-16. september. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN SÆLUKOT

Leikskólinn Sælukot tók til starfa árið 1977 og er staðsettur við Þorragötu 1, 105 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 3 deildir, 32 börn voru í leikskólanum í september 2016. Á yngstu deild eru börn fædd 2014 og 2015, Regnboga- og Norðurljósahópur. Á miðdeild eru börn fædd 2013 og 2014, Blóma- og Geislahópur. Á elstu deild eru börn fædd 2011 og 2012, Sólrir og Stjörnuhópur.

Leikskólastjóri er Guðríður Pétursdóttir og Didi er starfandi fulltrúi Systarasamtaka Ananda Marga og rekur leikskólann í umboði þeirra.

Styrkleikar:

Hugmyndafræði leikskólans Ananda Marga birtist á heimasíðu. Leikskólastjóri hefur forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár. Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni. Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum. Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi sem nær til alls starfsfólks. Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu. Húsnæði er rúmgott og gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Leikskólinn er virkur í samfélagsverkefnum/góðgerðastarfsemi í samstarfi við börn og foreldra.

Starfsfólk er ánægt með samskipti og telur að jafnréttis og jafnræðis sé gætt. Starfsfólk er stolt af starfi sínu, telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýttá og er ánægt með starfsandann í leikskólanum. Vinnuaðstaða er góð að mati starfsfólks.

Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir í foreldrahandbók leikskólans. Foreldrar í foreldraráði eru valdir lýðræðislega af sínum hópi. Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og foreldrar eru virkir samstarfsaðilar leikskólans. Foreldrar upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans. Aðbúnaður barna er góður að mati foreldra.

Tækifæri til umbóta:

Í skólanámskrá þurfa að koma fram þær upplýsingar sem aðalnámskrá leikskóla tilgreinir að þar skuli birtast. Í stefnu leikskólans þarf að koma fram að lögð er áhersla á lýðræði í leikskólastarfinu og hvernig það birtist í daglegu starfi.

Stjórnendur sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra. Stjórnendur fylgist með hvernig gengur að vinna að stefnunni og meti framfarir með innra mati. Stjórnendur hvetji starfsfólk til að auka sífellt gæði náms og starfs með nám yngri barna í huga. Starfsþróunarsamtöl verði tekin árlega og niðurstöður þeirra verði skráðar.

Stjórnendur beri ábyrgð á að innra mat verði framkvæmt og að gerð verði umbótaáætlun sem byggir á stefnu leikskólans. Símenntunaráætlun endurspeglir áherslur leikskólans og samræmi verði milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar. Stjórnendur hvetji starfsfólk til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi. Sjá til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu. Í starfsáætlun þarf að gera grein fyrir leiðum í öllum stefnuþáttum sem aðalnámskrá og stefnuskjöl SFS tilgreina að þar skuli birtast.

Verklagsreglur og viðbrögð við slysum þurfa að liggja fyrir og unnið verði eftir þeim. Gera þarf öryggis- og rýmingaráætlun sýnilega á öllum deildum. Starfsfólk fái kynningu á verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefndar. Áfallateymi verði stofnað og áætlun um viðbrögð við

áföllum verði gerð. Gera þarf áætlun byggða á læsisstefnu leikskólans og sjá til þess að unnið verði eftir henni. Gera þarf áætlun um jafnrétti og innleiða hana.

Skoða þarf efnivið með tilliti til margbreytileika mannlífsins og sjá til þess að skipulögð viðfangsefni taki mið af hæfileikum og námsþörfum barna.

Starfsfólk noti virka hlustun í samskiptum sínum við börnin. Að umhyggja einkenni samskipti við börnin. Starfsfólk nýti daglegar athafnir til náms og samskipta, eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndi tengsl við þau í gegn um leik.

Gefa börnum tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólans. Að starfsfólk hlusti markvisst á börnin, ræði við þau og virði sjónarmið þeirra. Starfsfólk leiti markvisst eftir hugmyndum barna og þau séu studd í að útfæra og framkvæma þær. Að ánægja áhugi og líðan barna verði nýtt sem vísbending í innra mati á skólafarfi.

Að námsumhverfi styðji enn frekar við máltöku og málþroska barna, sérstaklega á yngri deildum. Gera þarf námsviðum aðalnámskrár leikskóla skýr skil í skólanámskrá og innleiða þau í starfið. Að stefna leikskólans og markmið endurspegli að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna. Vinna markvisst með menningu og heimamenningu allra barna.

Gerð verði áætlun um mat á námi og velferð barna. Sjá til þess að mat á hæfni og velferð barna taki mið af mörgum þáttum. Að fjölbreytt gögn liggi til grundvallar við mat á námi og stöðu barna. Að börn taki þátt í að meta nám sitt og fái tækifæri til að setja sér markmið og koma með tillögur að eigin námi. Starfsfólk noti markvisst skráningar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.

Lögð verði áhersla á að fá leikskólakennara til starfa í Sælukoti. Að leikskólakennarar skipuleggi og leiði starf á öllum deildum. Að leikskólakennarar veiti faglega forystu og leiðsögn. Sjá til þess að áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár birtist í starfi leikskólans. Að starfsfólk leggi meiri metnað í faglegt starf. Deildarfundir verði haldnir reglulega og þeir verði vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.

Að efla jákvætt viðhorf barna til náms með því að starfsfólk tileinki sér fjölbreyttar námsleiðir. Hlúa þarf að gleði og jákvæðum anda á meðal starfsmanna og barna. Ræða um hvað felst í hugtakinu virðing og hvernig tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða. Gera þarf sýnilegt í gögnum og í starfi að starfsfólk hafi trú á getu og hæfni allra barna. Sjá til þess að áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglar í verkum og viðhorfum starfsfólks.

Í skólanámskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf og hvernig markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið. Setja fram áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann. Sjá til þess að mat á starfsháttum fari fram reglulega og að mat og ígrundum á eigin starfsháttum verði liður í daglegu starfi.

Leiðir að markmiðum verði hluti af innra mati og skilgreina þarf viðmið um þann árangur sem stefnt er að fyrir hvert markmið. Í greinargerð/umbótaáætlun þarf að fjalla um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun og gagna verði aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu. Sjá til þess að niðurstöður út ytra mati verði nýttar í innra mat. Starfsfólk leikskólans

taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati til dæmis með aðkomu foreldraráðs.

Greinargerð/starfsáætlun um innra mat verði birt á heimasíðu leikskólans þar sem koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður. Í greinargerð/starfsáætlun um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í umbótaáætlun verði tilgreindar aðferðir við að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Umbótaáætlun verði tímasett og ábyrgðaraðilar skilgreindir fyrir umbótunum. Tilgreinar þarf í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. Umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.

Blátt – á ekki við/ekki metið.